

Jóhannes B. Sigtryggsson

Íslensk réttritun – nýtt rit um stafsetningu

Sífelld fleiri skrifa og þurfa að senda frá sér ritað efni af einhverju tagi. Sumir hafa atvinnu af textaskrifum og glímu við texta en aðrir skrifa eitthvað stöku sinnum: fundargerðir, misformleg tölvuskeyti eða færslur á vef. Í slíku starfi er gott að þekkja venjur og hefðir um stafsetningu og ritun.

Íslensk réttritun er nýtt rit eftir mig gefið út sem vefsíða á slóðinni *rettritun.arnastofnun.is*. Grunnur kafla verksins sem fjalla um stafsetningu og greinarmerkjasetningu er ritreglur Íslenskrar málnefndar (*ritreglur.arnastofnun.is*) sem eru opinberar réttritunarreglur hér á landi (sjá Jóhannes B. Sigtryggsson 2019c).

Íslensk réttritun á að vera stuðnings- og ítarefni við ritreglurnar og er fjallað þar um sem flest hugsanleg vafaatriði í stafsetningu og greinarmerkjasetningu. Um sumt er ekki fjallað beint í ritreglunum sjálfum. Það á sérstaklega við um ýmislegt sem varðar setningu greinarmerkja og afstöðu þeirra innbyrðis sem ég hef skrifað allmikið um á síðustu árum (sjá t.d. Jóhannes B. Sigtryggsson 2016, 2019a, 2019b, 2021b). Rétt er að líta á slíkt viðbótarefni í *Íslenskri réttritun* sem tilögur um stöðlun og oft á sviðum þar sem hefðin er ekki alveg skýr.

Einnig er fjallað í verkinu um ýmislegt annað í sambandi við frágang texta sem gagnlegt er að hafa á einum stað, til dæmis stafróf og stafrófsröðun, orðskiptingu, skammstafanir, tákn og útlit texta. Fyrri skrif mín hafa einnig nýst sem efniviður þar (sjá Jóhannes B. Sigtryggsson 2020a, 2020b, 2021a). Það byggist þá á öðrum heimildum sem ekki hafa sama vægi, ráðgjöf og viðmiðum sem eru ekki eins fastmótuð og ritreglurnar.

Styrktarsjóður Aslaugar Hafliðadóttur veitti styrk árið 2019 til að standa straum af kostnaði við hönnun ritsins og vefsetningu þess. Ég lagði mikla áherslu á að hönnun vefsíðunnar yrði aðgengileg og ein-

föld. Auðvelt er að komast á milli yfirkafla og undirkafla, fjölmargir tenglar eru á milli ólíkra kafla í verkinu og aftast er ítarleg atriðis-orðaskrá.

Ef þessi tilraunaútgáfa mælist vel fyrir hyggst ég halda áfram á næstu árum að fjalla nánar í *Íslenskri réttitun* um ýmis atriði íslenskrar stafsetningar, til að mynda reglur um eitt orð eða fleiri og um stóran og lítinn staf. Gott væri að fá ábendingar um efni ritsins og efnistösk. Þær má senda á netfangið *islenskrettritun@gmail.com*.

Á *Mynd 1* er sýnishorn úr *Íslenskri réttitun*, undirkaflar 5.7–5.9 í kaflanum „Önnur atriði í stafsetningu“. Á myndinni sést hvernig auðveldlega má fara á milli undirkafla hægra megin í viðmótinu.

5.7 t, st og tt falla niður á undan st Ekki er ritað t, st eða tt á undan st. hann hefur fest (fest + st), þau hafa kysst (kysst + st), vandinn hefur leyst (leyst + st), þau hafa hist (hittst + st) 5.8 Ekki er ritað ksk ef í fer á undan Ekki er ritað ksk ef í fer á undan (sjá einnig 5.92). afriskur (sbr. Afrika), húsviskur (sbr. Húsavík), reykviskur (sbr. Reykjavík) Brottfall í framburði 5.9 Almennt um brottfall í framburði Þegar rætt er um brottfall hljóða í framburði er yfirleitt átt við brottfall samhljóða (sjá 5.10, 5.11 og 5.12). Samhljóð haldast þó yfirleitt í stafsetningu (sbr. stofnregluna 1.8). Sérhljóð geta vitaskuld einnig fallið brott í framburði en brottfall þeirra er yfirleitt ekki táknað í stafsetningu. Ef brottfall þeirra er sýnt þá er það gert með úrfellingarmerki (sjá 6.121 o.áfr.).	5.2 r og ð í efsta stigi lýsingarorða og atviksorða 5.3 Einfaldur eða tvöfaldur samhljóði 5.4 Almennt um undantekningar frá stofnreglunni 5.5 ð og d falla niður á undan t, st, sk og sí ef þau heyrast ekki í framburði 5.6 t fellur niður á undan st, sk og sí ef það heyrast ekki 5.7 t, st og tt falla niður á undan st 5.8 Ekki er ritað ksk ef í fer á undan 5.9 Almennt um brottfall í framburði 5.10 Brottfall í samhljóðaklösum 5.11 Samhljóð og beygingarendingar 5.12 Samhljóð og þátíðarmyndir sagna 5.13 Almennt um stafavíxl 5.14 Stafavíxl í þátíð veikra sagna 5.15 Stafavíxl í öðrum orðum 5.16 Almennt um é, je og e 5.17 é
---	--

Mynd 1: Sýnishorn úr 5. kafla *Íslenskrar réttitunar*.

Á *Mynd 2* er annað sýnishorn úr 7. kafla verksins sem nefnist „Afstaða og val á greinarmerkjum og bil“:

7.43 Upphrópunarmerki eða spurningarmerki?

Yfirlitt er betra að láta spurningar sem eru í raun upphrópanir enda á upphrópunarmerki en spurningarmerki.

Hvernig gátuð þið gert þetta!

Hvernig gátuð þið gert þetta?

Ekki er mælt með því að láta setningu enda bæði á upphrópunarmerki og spurningarmerki. Sjá einnig 6.56 og 6.119.

Hvernig gátuð þið gert þetta!?

Mynd 2: Sýnishorn úr 7. kafla Íslenskrar réttitunar.

Heimildir

- Jóhannes B. Sigtryggsson. 2016. Yfirlit yfir notkun strika í íslensku. *Orð og tunga* 18:157–167.
- Jóhannes B. Sigtryggsson. 2019a. *Úrfellingarpunktar*. Málræktarpistill 14.11.2019. <https://www.arnastofnun.is/is/utgafa-og-gagnasofn/pistlar/urfellingarpunktar> (sótt í apríl 2022).
- Jóhannes B. Sigtryggsson. 2019b. *Gæsalappir – um útlit tilvitnunarmerkja í íslensku*. Málræktarpistill 18.12.2019. <https://www.arnastofnun.is/is/utgafa-og-gagnasofn/pistlar/gaesalappir-um-utlit-tilvitnunarmerkja-i-is-lensku> (sótt í apríl 2022).
- Jóhannes B. Sigtryggsson. 2019c. *Hvað eru ritreglur Íslenskrar málnefndar?* Málræktarpistill 20.9.2019. <https://www.arnastofnun.is/is/utgafa-og-gagnasofn/pistlar/hvad-eru-ritreglur-islenskrar-malnefndar> (sótt í apríl 2022).
- Jóhannes B. Sigtryggsson. 2020a. Yfirlit yfir bil. *Orð og tunga* 22:101–110.
- Jóhannes B. Sigtryggsson. 2020b. Aðeins um hásteflinga. Í: *Ágústblóm lesin til heiðurs Ágústu Þorbergsdóttur sextugri 9. september*, bls. 51–53. Reykjavík: Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen.
- Jóhannes B. Sigtryggsson. 2021a. *Skáletur*. Málræktarpistill 19.3.2021. <https://www.arnastofnun.is/is/utgafa-og-gagnasofn/pistlar/skaletur> (sótt í apríl 2022).
- Jóhannes B. Sigtryggsson. 2021b. Um skástrik. Í: *Orð og tunga* 23:145–152.
- Jóhannes B. Sigtryggsson. 2021c. *Íslensk rétttritun – nýtt rit um stafsetningu*. Málræktarpistill 19.10.2021. <https://www.arnastofnun.is/is/utgafa-og-gagnasofn/pistlar/islensk-rettritun-nytt-rit-um-stafsetningu> (sótt í apríl 2022).
- Ritreglur. Auglýsingar mennta- og menningarmálaráðuneytis nr. 695/2016 og 800/2018 með leiðréttingum*. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. <http://ritreglur.arnastofnun.is/> (sótt í apríl 2022).

Jóhannes B. Sigtryggsson
Stofun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
Laugavegi 13
IS-101 Reykjavík
johannes.b.sigtryggsson@arnastofnun.is